

Sp.

165. Tillaga til þingsályktunar

[135. mál]

um verknáms- og þjónustuskyldu ungmenna.

Flm.: Jónas Pétursson.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna millipinganefnd til að athuga, hvort rétt og hagfellt sé að koma á verknáms- og þjónustuskyldu ungmenna og þá með hvaða framkvæmdahætti. Sérstaklega verði athuguð viðfangsefni í þágu þjóðarheildar fyrir ríki og sveitarfélög, góðgerðar- og mannúðarfélög. Nefndin skili álit til Alþingis, og komist hún að þeirri niðurstöðu, að lögfesting á verknáms- og þjónustuskyldu ungmenna sé æskileg, þá skili hún um viðfangsefnið frumvarpi að lögum, sem lagt verði fyrir Alþingi.

Greinargerð.

Tillögu um þetta efni hef ég flutt á undanförunum þremur þingum, efnislega lítið breytta. Ég hef tvisvar ritað með þeim allýtarlegar greinargerðir. Tillögur þessar hafa legið fyrir allsherjarnefnd Sp. Á síðasta Alþingi skilaði meiri hluti allshn. álit, eða 5 nefndarmenn af 7 (einn þó með fyrirvara), þar sem tillögugreininni var breytt í það horf, sem hún er hér flutt nú.

Álit meiri hluta allshn. á síðasta þingi er á þskj. 564 og er þannig:

„Allsherjarnefnd hefur fjallað um ofangreinda þáttill., en varð ekki sammála um afgreiðslu hennar. Leggja undirritaðir nefndarmenn til, að þáttill. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna millipinganefnd til að athuga, hvort rétt og hagfellt sé að koma á verknáms- og þjónustuskyldu ungmenna og þá með hvaða framkvæmdahætti. Sérstaklega verði athuguð viðfangsefni í þágu þjóðarheildar fyrir ríki og sveitarfélög, góðgerðar- og mannúðarfélög. Nefndin skili álit til Alþingis, og komist hún að þeirri niðurstöðu, að lögfesting á verknáms- og þjónustuskyldu ungmenna sé æskileg, þá skili hún um viðfangsefnið frumvarpi að lögum, sem lagt verði fyrir Alþingi.

Gisli Guðmundsson er fylgjandi meiri breytingu á þáttill. og skrifar undir nál. með fyrirvara.

Alþingi, 9. apríl 1970.

Bragi Sigurjónsson,
form., frsm.

Jónas Pétursson,
fundaskr.

Matthías Bjarnason.

Friðjón Þórðarson.

Gisli Guðmundsson,
með fyrirvara.“

Því miður var málið aldrei tekið fyrir til afgreiðslu í Sp. Ég tel, að tæpast verði vikizt undan því, eftir að það hefur fengið slíka meðferð hjá nefnd, og er rétt að bæta því við, að á næsta þingi á undan skilaði nefndin tveimur álitum, sem ekki heldur leiddu til afgreiðslu. Mennta- og uppeldismál eru ekki að smækka í þjóðmálunum og ekki fremur þótt tengd verði fegrun eða framleiðslu í sömu andrá.

Nánar í framsögu.